



Dagsetning: 23. Janúar 2025  
Málsnúmer: 2306119/5.0

Til bæjarráðs

## MINNISBLAÐ

Í fyrri minnisblöðum nr: 2306119 og 2306119 hef ég farið yfir tildrög og hugmyndafræði verkefnisins Gott að eldast. Hér verður farið yfir hugmyndir að samþættum rekstri, tildrög þeirra og fyrirkomulag og staðsetning þjónustumiðstöðva.

Grunnhugmyndafræðin byggir á aukinni þörf fyrir sveigjanlega þjónustu heim vegna og fjölgunar eldra fólks og breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar.

Skýrsla vinnuhóps um öldrunarmál á Austurlandi frá 2022 hefur legið til grundvallar hugmyndum um aðlögun þjónustunnar ásamt samtali kerfa.

Talað er um að starfstöðvar heimahjúkrun og heimastuðnings verði á þjónustusviði hjúkrunarheimilis, líkt og er á Seyðisfirði í dag. Þjónustan er skipulögð þaðan af hjúkrunarfræðingum og bakland því fánlegt utan dagvinnu og hægt að samnýta starfsfólk í stutt innlit á stað sem getur ekki borið að vera með heimahjúkrun í boði frá morgni til kvölds, helgar og almenna frídaga. Hægt væri að hugsa sér að núverandi heimahjúkrunardeild í Neskaupstað færðist að hluta í Breiðablik og yrði nú heimaþjónustudeild. Á minni stöðunum myndi þjónustan skiptast upp og yrði heimaþjónusta eining á Eskifirði tengd Hulduhlíð og á Fáskrúðsfirði tengd Uppsölum. Á Breiðdalsvík mætti hugsa sér að heimahjúkrun myndi starfa út frá dagdvölinni þar.

Með þessu væri hægt að tryggja að minnsta kosti morgun-, kvöld- og helgarþjónustu í heimahjúkrun í öllum/ flestum þéttbýliskjörnum á Austurlandi og ef það þyrfti aðstoð tveggja starfsmanna á einstaka heimili væri möguleiki að starfsmenn hjúkrunarheimila aðstoðuðu þar inni. Hópurinn leggur einnig til að heimaþjónusta sveitarfélagana færist jafnhliða heimahjúkrun til hjúkrunarheimila og myndi þannig öfluga þjónustuheild sem aðstoðar fólk á heimilum sínum og auðveldar því að búa heima eins lengi og hægt er.

Einn af því sem starfsmönnum Fjarðabyggðar og HSA var tíðrætt um varðandi þjónustupörf í tengslum við verkefnið Gott að eldast var skortur á dagvistunarrýmum í Fjarðabyggð. Hópurinn gerði grófa þarfagreiningu í sveitarfélaginu og var ljóst að um 35-40 einstaklingar væru í brýnni þörf fyrir slíkt úrræði.

Í A hluta aðgerðaáætlunar um þjónustu við eldra fólk 2023–2027, Gott að eldast, gerir ráð fyrir að unnið sé að verkefnum A.1 til A. 7<sup>1</sup> á tímabilinu. Strangt til tekið nær núverandi

<sup>1</sup> A. Samþætting.



verkefni einungis yfir hlutann A.1 eða Þróunarverkefni um samþætta heimaþjónustu en verkefnastjóri lagði til að Fjarðabyggð og HSA sættu lagi í ljósi markmiðanna og bæðu um fleiri dagvistunarrými og að þau rými væru sveigjanleg ásamt þeim dagvistunarrýmum (5) sem til eru. Þetta reyndist auðsótt og eru 11 sveigjanleg dagvistunarrými nú eyrnamerkt Fjarðabyggð.

Hópurinn leggur til að breytt verði einu til tveimur hjúkrunarrýmum á hverju hjúkrunarheimili og/eða Breiðabliki í tengslum við heimahjúkrun og komið á laggirnar sveigjanlegum dagdvalarrýmum upp á að þjónustuþegar geti gist stöku nætur líkt og hjúkrunarheimilið Hlíð á Akureyri hefur gert til nokkurra ára. Þetta veltur að sjálfsögðu á að pláss verði laus eða helguð þessu.

Hugmyndin er því að Fjarðabyggð afhendi HSA þessi 11 dagvistunarpláss og að samvinna verði um útfærslu á þjónustu. Nýlega er búið að ráða starfsmann til HSA til skipuleggja bæði nýtingu dagvistunarrýma og endurhæfingateymi.

Það hefur sýnt sig í öðrum sveitarfélögum að öflug dagvist og nýting hennar ásamt virku endurhæfingateymi dregur verulega úr þörf á þjónustu heimastuðnings. Þannig má gera ráð fyrir betri nýtingu fjármagns beggja kerfa.

Laufey Þórðardóttir

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs

---

A.1 Þróunarverkefni um samþætta heimaþjónustu

A.2 Heima-endurhæfingarteymi

A.3 Efling og þróun dagdvalar

A.4 Þróunarverkefni stuttinnlagna

A.5 Samræmt matstæki og aðgengi að upplýsingum milli þjónustuaðila

A.6 Ein gátt fyrir allar beiðnir fagfólks um heimaþjónustu og dagdvöl.

A.7 Öryggiskerfi og aukið samstarf við heimaþjónustu

Fjarðabyggð	Sími 470 9000
Hafnargötu 2	www.fjardabyggd.is
730 Fjarðabyggð	kt.470698-2099

Mjóifjörður	Eskifjörður
Norðfjörður	Reyðarfjörður

Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

Breiðdalur
------------

